

Alþingi
Erindi nr. P 132/2166
komudagur 1.6.2006



talsmaður neytenda

Alþingi - nefndasvið
B.t. ritara efnahags- og viðskiptanefndar
Alþingi
150 Reykjavík

Embætti talsmanns neytenda
Forbrugertalsmanden
The Consumer Spokesman

tn@tn.is www.tn.is

Höfðaborg
Borgartúni 21, 2. hæð
IS-105 Reykjavík
Sími 510 1100, fax 510 1101

Reykjavík, 30.05.2006
Tilv. 2005/0028

GT

Efni: Framhaldsumsögn talsmanns neytenda um 620. mál, frumvarp til laga mælingar, mæligrunna og vigtarmenn (132. löggjafarþing) – gjaldmælingar á fjarskiptaumferð af hálfu neytenda

I

Vísað er til umsagnar minnar um ofangreint þingmál, dags. 26. apríl sl., sem hjálagð er í afriti. Í bréfi þessu er ákveðin tillaga til lausnar þeim vanda sem þar var rakinn.

Í millitíðinni hef ég fundað með fulltrúum Neytendastofu annars vegar og Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) hins vegar. Í kjölfarið var í bréfi til þeirra stofnana, dags. 18. maí sl., sem hjálagt er í afriti, sett fram hugmynd að lausn varðandi vanhöld á löggildingu mælitækja til grundvallar reikningum fjarskiptafyrirtækja, sbr. nánari lýsingu í bréfinu. Með bréfinu óskaði ég eftir bréflegum staðfestingum þessara stofnana á því að sú lausn stæðist fyrirbyggjandi lagaheimildir PFS og væntanlegar lagaheimildir Neytendastofu samkvæmt frumvarpi þessu, verði það að lögum. Hafa báðar stofnanirnar nú svarað, sbr. bréf Neytendastofu, dags. 26. maí sl., og bréf PFS, dags. í dag, sem hjálagð eru í afriti.

Í stuttu máli má segja að Neytendastofa *efast um að óbreytt frumvarp nægi* til þess að tryggja þessa hagsmuni neytenda og telur breytingar til bóta í því skyni að koma til móts við athugasemdir mínar, sbr. nánar hér að neðan í II kafla. Þá telur PFS að *gildandi lög séu fullnægjandi* í þessu efni og að ekki þurfi að koma til ákvörðunar PFS til þess að tryggja þessa hagsmuni og þessi réttindi neytenda.

II

Með vísan til hjálagðra bréfa Neytendastofu og PFS vil ég í samræmi við tillögu Neytendastofu leggja til að frumvarpið verði samþykkt með þeim

talsmaður neytenda

- stendur vörð um hagsmuni og réttindi neytenda
- stuðlar að aukinni neytendavernd
- gefur út rökstuddar álitserðir
- gerir tillögur um úrbætur
- kynnir reglur um neytendamál
- leiðbeinir um meðferð ágreiningsmála
- bregst við brotum gegn réttindum og hagsmunum neytenda
- er óháður fyrir mælum frá öðrum

breytingum að

- í 1. málslið 1. mgr. 13. gr. frv. bætist við á eftir orðunum „í reglugerð að“ orðin
 - „*mælingar og*“;
- í 1. málslið 1. mgr. 13. gr. frv. bætist við á eftir orðunum „gerðar til mælitækja“ orðin
 - „*eða mælinga*“;
- í 3. mgr. 13. gr. frv. bætist við á eftir orðunum „mælitæki eru eftirlitsskyld“ orðin
 - „*og hvaða mælingar eftirlitsskyldar*“;
- í 2. mgr. 14. gr. frv. bætist við á eftir orðunum „Eigandi mælitækja“ orðin
 - „*eða ábyrgðaraðili mælinga*“;
- fyrirsagnir IV. kafla, 13. gr. og 14. gr. breytist til samræmist þannig að þar sé
 - einnig getið um *mælingar* .

III

Þá tel ég jafnframt nauðsynlegt að nefndarálit styðji berum orðum við þá lögskýringu að framvegis skuli neytendaeftirlit hvað varðar mælingaöryggi til grundvallar fjarskiptareikningum vera virkt. Enn fremur tel ég að í nefndaráliti þurfi að kveða skýrt að orði ef framkvæmd laganna, verði frumvarpið að lögum, að þessu leyti er háð því að ráðherra setji reglugerð þar sem getið sé um mælingar á fjarskiptaumferð eins og PFS mælir með í bréfi sínu, dags. í dag. Ráða má af bréfi Neytendastofu að til þess að útfæra löggildingu eða áskilja aðra traustvekjandi aðferð gagnvart mælingum á fjarskiptaumferð þurfi ráðherra að setja um það reglugerð. Þó að ég telji nauðsynlegt að réttindi og hagsmunir neytenda og kröfur gagnvart viðskiptalífínu ráðist af lögum fremur en reglugerðum geri ég ekki athugasemd við að þeirri venju sé í þessu tilviki fylgt áfram að reglugerð sé sett um *útfærslu* löggildingar og annarra aðferða með sama tilgang.

IV

Lít ég svo á að með ofangreindum tillögum um breytingu á frumvarpinu hér að ofan verði lagatexti (II kafli bréfs þessa) og lögskýringargögn (III kafli bréfs þessa) nægilega skýr um að mælingar á fjarskiptaumferð séu – eftir sem áður – eins og aðrar mælingar sem hafa áhrif á verð eða afgjald í viðskiptum með vöru eða þjónustu háðar löggildingu ellegar samþykki á gæðakerfi eða öðru innra eftirliti. Áréttá ég ósk um að þetta komi fram í nefndaráliti til stuðnings framangreindri breytingartillögu á frumvarpinu.

V

Með framangreindum breytingum tel ég komið á móts við hagsmuni – og réttindi – neytenda af því að mælingar til grundvallar reikningum fyrir mælda símnotkun og önnur mæld fjarskipti séu öruggar og að traust sé í viðskiptum en í bréfi Löggildingarstofu (nú Neytendastofu), dags. 30. júní 2005, segir að eftirfarandi atriði séu athugunarverð við mælingar fjarskiptafyrirtækjanna:

- „1. Mælingin er ólögilt.
2. Viðskiptavinurinn er ekki viðstaddur og sér ekki niðurstöður jafnóðum.
3. Búnaðurinn er ekki gerðarviðurkenndur.
4. Aðilinn sem framkvæmir mælinguna er seljandi þjónustunnar.
5. Þjónustan sem mæld var er ekki endurtæk.“

Með sama hætti hafa fjarskiptafyrirtæki hagsmuni af því að ekki sé auðvelt að hefningja grundvöll reikninga þeirra eins og í dag.

Eins og getið er um í fyrri umsögn minni til nefndarinnar, dags. 26. apríl sl., er um mikla hagsmuni að ræða – bæði fyrir neytendur og aðra – en auðvelt ætti að vera að afla upplýsinga um hve stór þáttur greiðslur fyrir mælda fjarskiptaumferð af hálfu neytenda er í heimilisútgjöldum og vísitölum, svo og heildarveltu vegna hennar.

Af hálfu PFS voru á áðurnefndum fundi lögð fram gögn frá erlendri systurstofnun sem benda til þess að fyrirmýnda við mat á mælingaöryggi megi t.a.m. leita í Þýskalandi.

VI

Með vísan til hjálagðra gagna og í samræmi við tillögur og sjónarmið hér að ofan áréttá ég að brýnt er að færa raunverulega réttarstöðu neytenda nær kröfum laga en nú er og vil því taka undir með Neytendastofu í tilvísuðu bréfi að mikilvægt sé að tryggja fjármögnun þess eftirlits sem lög áskilja og hagsmunir og réttindi neytenda krefjast.

VII

Nær 50 skráðum fjarskiptafyrirtækjum í neytendaviðskiptum var sent afrit af bréfi mínu, dags. 18. maí sl., til athugasemda og bærust aðeins athugasemdir frá Símanum. Í tölvuskeyti lögfræðings Símans frá í dag segir um þennan þátt:

„Varðandi ofangreint frumvarp til laga þá er það mat Símans að með þessu frumvarpi sé verið að velja vægari leið en sú fortakslausa lagaskylda sem nú er í gildi. Með því að gefa fyrirtækjum val um það hvort að það velji löggildingu eða velji ákveðið gæðakerfi er löggjafinn að slaka á umræddum kröfum núgildandi laga nr. 100/1992, um vog, mál og faggildingu.“

Þá er vikið að þeim búnaði sem Síminn notar við einn gjaldþáttinn (lengd símtala) og áreiðanleika hans. Einnig er fjallað um erfiðleika varðandi mælingar að því er varðar niðurhal gagna erlendis frá og bent á að sjá megi fyrir sér að Síminn og til þess bær yfirvöld komi sér saman um skynsamlega lausn varðandi mælingu á þeim þætti.


VIII

Bent skal á að fram kemur í bréfi Neytendastofu að hún telji brýnt að skapa fullnægjandi traust á þessu sviði þar sem neytendur séu í raun fjarstaddir þá mælingu sem gjaldtaka fyrirtækjanna byggir á. Þá kemur fram í bréfi PFS að stofnunin telji mikilvægt að eftirlit sé haft með slíkum mælingum vegna ríkra hagsmuna neytenda. Þá hefur eina fjarskiptafyrirtækið, sem hefur brugðist við afriti af bréfi mínu, dags. 18. maí sl., þ.e. Síminn, tekið fram að að öðru leyti en fram sé komið hafi Síminn engar frekari athugasemdir.

IX

Áréttá ég það sem áður hefur komið fram í samtali við nefndarritara að ég er sem endranær reiðubúinn til þess að mæta á fund efnahags- og viðskiptanefndar til þess að gera grein fyrir málinu.

Virðingarfyllst,
talsmaður neytenda,



Gísli Tryggvason.

Afrit:

Neytendastofa; b.t. Tryggva Axelssonar forstjóra.

Póst- og fjarskiptastofnun; b.t. Sigurjóns Ingvasonar sviðsstjóra.

Síminn; b.t. Arnars Þórs Sævarssonar hdl.

Viðskiptaráðuneytið; b.t. Atla Freys Guðmundssonar skrifstofustjóra.

Alþingi - nefndasvið
B.t. ritara efnahags- og viðskiptanefndar
Alþingi;
150 Reykjavík;
;

Embætti talsmanns neytenda
Forbrugertalsmanden
The Consumer Spokesman

tn@tn.is www.tn.is

Höfðaborg
Borgartúni 21, 2. hæð
IS-105 Reykjavík
Sími 510 1100, fax 510 1101

Reykjavík, 26.04.2006

Tilv. 2005/0037

GT

Efni: Umsögn talsmanns neytenda um 620. mál, frumvarp til laga mælingar, mæligrunna og vigtarmenn (132. löggjafarþing)

Vísað er til bréfs yðar, dags. 4. apríl sl., um ofangreint þingmál og beiðist velvirðingar á að ekki gafst færi á að skila umsögn innan þess frests sem gefinn var, sbr. samtal í dag við nefndarritara.

Meðal hlutverka embættis talsmanns neytenda er skv. d-lið 2. mgr. 6. gr. laga nr. 62/2005 að setja fram úrbótatillögur um reglur „er varða neytendur sérstaklega“. Með hliðsjón af þeim lagaramma og þeim sjónarmiðum sem ég miða við til forgangsröðunar takmarka ég umsögn mína við hagsmuni og réttindi neytenda.

Embætti talsmanns neytenda hafa borist nokkrar ábendingar og erindi um að fjarskiptafyrirtæki hafi ekki löggilt mælitæki til grundvallar reikningagerð, svo sem símareikninga. Samkvæmt 5. gr. laga nr. 100/1992 um vog, mál og faggildingu er skylt að „löggilda öll mælitæki sem notuð eru hér á landi til að mæla stærðir sem hafa áhrif á verð eða afgjald í hvers konar viðskiptum með vöru og þjónustu [...]“. Hef ég haft samband við Neytendastofu og Póst- og fjarskiptastofnun vegna þessa og er sammæli með aðilum að efna til fundar til þess að bæta úr þessu eins og bréfaskipti hafa gengið á milli þeirra aðila um.

Með frumvarpinu virðist ætlunin að 13. gr. leysi þessa skýru lagaskyldu af hólmi en í athugasemdum með ákvæðinu í greinargerð segir að sú lagaheimild sé „allvíðtæk og í reynd hefur ákvæðið aðeins gilt um þau mælitæki þar sem nánari reglur hafa verið ákvæðnar í reglugerð, sbr. framangreinda upptalningu.“ Ég tel að misbrestur á að tilvitnuðu lagaákvæði hafi verið framfylgt sé bagalegur fyrir neytendur sem hafa mjög mikla *hagsmuni* af því að öryggi sé


talsmaður neytenda

- stendur vörð um hagsmuni og réttindi neytenda
- stuðlar að aukinni neytendavernd
- gefur út rökstuddar álitserðir
- gerir tillögur um úrbætur
- kynnir reglur um neytendamál
- leiðbeinir um meðferð ágreiningsr
- bregst við brotum gegn réttindum og hagsmunum neytenda
- er óháður fyrirmælum frá öðrum

tryggt í slíkum mælingum enda eru greiðslur fyrir þjónustu fjarskiptafyrirtækja stór og vaxandi hluti af útgjöldum neytenda. Þá eiga neytendur rétt á slíku öryggi að óbreyttum lögum, þ.e. að mælingar til grundvallar reikningum séu réttar. Vil ég mælast til þess að sá réttur verði ekki skertur heldur fremur gripið til úrræða sem virkja þennan rétt neytenda og tryggja betur hagsmuni neytenda af öryggi í mælingum til grundvallar fjarskiptareikningum.

Þá vil ég fagna tilkomu fagráðs en samkvæmt frumvarpinu munu neytendur eiga fulltrúa þar með því að Neytendasamtökin tilnefna einn fulltrúa. Tel ég slíkt í samræmi við aukna þörf og kröfu um að haft sé samráð við neytendur um lagaframkvæmd sem snertir þá.

Virðingarfyllt,
talsmaður neytenda,



Eislí Tryggvason.

Neytendastofa
Tryggvi Axelsson
Borgartúni 21
105

Embætti talsmanns neytenda
Forbrugertalsmanden
The Consumer Spokesman

tn@tn.is www.tn.is

Höfðaborg
Borgartúni 21, 2. hæð
IS-105 Reykjavík
Sími 510 1100, fax 510 1101

Reykjavík, 18.05.2006
Tilv. 2005/0028
GT

Efni: Hugmynd að lausn varðandi vanhöld á löggildingu mælitækja til grundvallar reikningum fjarskiptafyrirtækja

I

Vísað er til fundar undirritaðs með fulltrúum Neytendastofu annars vegar og Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) hins vegar 12. maí sl. varðandi vanhöld á að framfylgt hafi verið skyldu skv. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 100/1992 um vog, mál og faggildingu til þess að „löggilda öll mælitæki sem notuð eru hér á landi til að mæla stærðir sem hafa áhrif á verð eða afgjald í hvers konar viðskiptum með vöru og þjónustu [...]“. Til fundarins boðaði ég í samráði við forstjóra Neytendastofu og forstjóra PFS í kjölfar óformlegra samskipta við þessa aðila eftir að mér höfðu borist ábendingar og erindi um að fjarskiptafyrirtæki hefðu ekki löggilt mælitæki til grundvallar reikningagerð fyrir símnotkun eða aðra fjarskiptaþjónustu. Forstjóri Neytendastofu hefur á fundum og í bréfi til Alþingis, dags. 28. apríl sl., staðfest að þetta sé rétt og fulltrúi PFS hefur á nefndum fundi metið það svo að tæknilega sé ekki flókið að uppfylla kröfur laga að þessu leyti. Þá met ég það svo eins og getið er um í umsögn minni um neðangreint frumvarp, dags. 26. apríl sl., að neytendur hafi mikla *hagsmuni* af því að öryggi sé tryggt í slíkum mælingum enda eru greiðslur fyrir þjónustu fjarskiptafyrirtækja stór og vaxandi hluti af útgjöldum neytenda. Þá eiga neytendur einnig *rétt* á þessu – a.m.k. að óbreyttum lögum. Með vísan til þess hlutverks talsmanns neytenda að standa vörð um hagsmuni og réttindi neytenda og stuðla að aukinni neytendavernd tel ég að finna þurfi lausn sem þjóni hagsmunum þeirra betur en raunin er í dag.

II

Á nefndum fundi kom fram hugmynd að lausn sem felst í því að PFS nýti lagaheimildir sínar til þess að *setja fjarskiptafyrirtækjum skilyrði í samræmi við lög nr. 81/2003 um fjarskipti eða önnur lög þess efnis að þau leiti innan hæfilegs – tiltekins – fyrirvara eftir samþykki Neytendastofu skv. 2. mgr. 14. gr. laga um mælingar, mæligrunna og vigtarmenn, verði frumvarp til þeirra*

talsmaður neytenda

- stendur vörð um hagsmuni og réttindi neytenda
- stuðlar að aukinni neytendavernd
- gefur út rökstuddar álitserðir
- gerir tillögur um úrbætur
- kynnir reglur um neytendamál
- leiðbeinir um meðferð ágreiningsm
- bregst við brotum gegn réttindum og hagsmunum neytenda
- er óháður fyrirmælum frá öðrum

laga samþykkt, „fyrir því að gæðakerfi eða önnur tilhögun formlegs innra eftirlits verði tekin gild í stað löggildingar.“ Eins og forstjóri Neytendastofu áréttaði á fundinum er markmið laganna, verði frumvarpið að lögum, skv. 2. mgr. 1. gr. m.a. „að stuðla að því að mælingar og mælifræðilegar niðurstöður séu réttar og nákvæmar og tryggji réttmæta og örugga viðskiptahætti, verndi hagsmuni neytenda [...]“

Er sú leið vægari en fortakslaus lagaskylda í gildandi lögum sem vitnað var til enda er gætt meðalhófs með því að gefa hæfilegan fyrirvara og með því að fyrirtækið á nokkurt val um hvort það leitar eftir löggildingu eða leitar samþykkis Neytendastofu fyrir gæðakerfi eða annarri tilhögun formlegs eftirlits – sem uppfylli nægilega vel hagsmuni og þar með réttindi neytenda. Neytendastofa og PFS hafa staðfest að stofnanirnar láti í té sérfræðilega aðstoð – hvor á sínu sviði – til að greiða fyrir þessari lausn.

Erindi mitt um slíkt skilyrði lýtur að símnotkun neytenda og fjarskiptaþjónustu við þá og tek ég ekki afstöðu til þess hvort slík skilyrði verði einnig sett gagnvart öðrum notendum síma- og fjarskiptaþjónustu.

Lausn sem þessi þarf að mínu mati að koma til móts við athugasemdir sem greinir í bréfi Löggildingarstofu (nú Neytendastofu), dags. 30. júní 2005, og áðurgreinda hagsmuni neytenda af mæliöryggi í viðskiptum við fjarskiptafyrirtæki.

III

Neytendastofa er hér með vinsamlegast beðin um að staðfesta bréflaga að framanlýst leið rúmist innan 2. mgr. 14. gr. frumvarps til laga um mælingar, mæligrunna og vigtarmenn, verði það að lögum, án þess að til þurfi að koma reglugerð frá ráðherra, sbr. 1. mgr. 14. gr.

IV

PFS er hér með vinsamlegast beðin um að staðfesta bréflaga að hún telji sig hafa heimild til þess að setja fjarskiptafyrirtækjum framangreint skilyrði, sbr. m.a. g-lið 2. mgr. 6. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti er lýtur að neytendavernd á sviði fjarskiptastarfsemi. Þá er PFS beðin um að upplýsa hvenær slík skilyrði gætu öðlast gildi – almennt eða gagnvart einstökum fyrirtækjum.

V


Brýnt er að mínu mati að úr því verði skorið hvort þessi leið er fær tæknilega og lagalega áður en Alþingi tekur til endanlegrar afgreiðslu frumvarp til laga um mælingar, mæligrunna og vigtarmenn (620. mál) sem nú liggur fyrir þinginu en verði það að lögum munu þau leysa af hólmi tilvitnuð lög um vog, mál og faggildingu. Stefnt er að samþykkt þeirra á þingi sem kemur saman að nýju 30. maí nk. og er því vinsamlegast óskað eftir svári við erindi þessu fyrir 26. maí nk.

Eins og ég hef gefið til kynna við yður tel ég að svar í þessu efni geti ráðið úrslitum um afstöðu mína til ofangreinds þingmáls.

VI

Fjarskiptafyrirtæki í neytendaviðskiptum samkvæmt lista frá PFS fá sent afrit af þessu bréfi í því skyni að þau geti gert athugasemdir, ef þau óska, innan sama frests.

Virðingarfyllst,
talsmaður neytenda.



Gísli Tryggvason.

Samrit: Póst- og fjarskiptastofnun.

Afrit: Fjarskiptafyrirtæki á neytendamarkaði.

talsmaður neytenda TN			
Verkefni nr.		Ábm.	GT
Skjalalykill		Aðrir	
Móttækid	29.05.06	Fskj.	
Athugas.		Trúnm.	

Talsmaður neytenda
Gísli Tryggvason
Borgartún 21
105 Reykjavík



NEYTENDASTOFA

Reykjavík, 26.05.2006
Tilv. 2006/0837 - 6.1.0
TA

Efni: Svar við erindi dags. 18. maí 2006

Neytendstofa vísar til brés yðar dags. 18.05.2006 um "hugmynd að lausn varðandi vanhöld á löggildingu mælitækja til grundvallar reikningum fjarskiptafyrirtækja". Í III. lið bréfs yðar óskið þér eftir staðfestingu Neytendastofu á því að sú leið sem nánar er lýst í bréfi yðar rúmist innan 14. gr. frumvarps til laga um mælingar, mæligrunna og vigtarmenn.

Í IV. kafla frumvarpsins er fjallað um notkun mælitækja og með hvaða hætti staðfesta skuli með löggildingu mælitækja að þau haldi áfram að uppfylla kröfur og mæli rétt eftir að þau eru fyrst tekin í notkun. Í 2. mgr. er kveðið á um að auk hefðbundinnar löggildingar verði samkvæmt frumvarpinu unnt að bera undir Neytendstofa að "gæðakerfi eiganda mælitækis eða önnur tilhögun formlegs innra eftirlits verði tekin gild í stað löggildingar". Neytendastofa telur ljóst að framangreint ákvæði getur hentað vel til þess að leysa úr þeim vanhöldum á mælingum sem liggja til grundvallar reikningum fjarskiptafyrirtækja. Við nánari skoðun á ákvæðum frumvarpsins og til þess að unnt verði að taka af allan vafa á því að framangreint ákvæði megi nota í því skyni sem hér er rætt um þá telur Neytendastofa að til bóta væri að bæta inn í 13. gr. og 14. gr. frumvarpsins orðinu "mælingar" á viðeigandi stöðum, þannig að t.d. 1. mgr. 13. gr. og 2. mgr. 14. gr. orðist svo:

- a. 1. mgr. 13. gr... "að mælingar og mælitæki til ákveðinna nota skuli uppfylla ítarlegri kröfur en almennt eru gerðar"...
- b. 2. mgr. 14. gr... "Eigandi mælitækis eða ábyrgðaraðili mælinga getur þó óskað samþykkis Neytendastofu"...o.s.frv.

Verði framangreindar breytingar gerðar á frumvarpinu þarf jafnframt að huga sérstaklega að því með hvaða hætti skuli innheimt eftirlitsgjald með því að Neytendastofa fari yfir og hafi eftirlit með slíkum gæðakerfum en núverandi ákvæði IX. kafla um eftirlitsgjald tekur einungis mið af því að innheimt sé gjald af eftirlitsskyldum "mælitækjum" en ekki er ljóst á þessari stundu hvort mælingar hjá fjarskiptafyrirtækjum byggji á notkun mælitækja og ef svo er hver sé fjöldi slíkra mælitækja.

Verði ekki innheimt sérstakt eftirlitssgjald þegar viðurkenning slíkra gæðakerfa fer fram á af hálfu Neytendastofu og við eftirfarandi eftirlit með því að fylgt sé þeim skilyrðum sem samþykki skv. 2. mgr. 14. gr. mun byggjast á þá mun stjórnarsýslukostnaður vegna eftirlits Neytendastofu falla á ríkissjóð. Í því tilviki verða framlög úr ríkissjóði til stofnunarinnar á fjárlögum að taka breytingum sem nemur þeim aukakostnaði sem hlýst af því að tekið væri upp eftirlit á þessu sviði viðskipta.


Rétt er einnig að áréttu að framangreint eftirlit verður því aðeins tekið upp að slík efnisleg skylda verði sett á fjarskiptafyrirtækin samkvæmt þeim reglum sem um starfsemi þeirra gilda, t.d. með því að Póst-og fjarskiptastofnun setji slíkt skilyrði í starfsleyfi fyrirtækjanna, sbr. nánar umfjöllun um það atriði í bréfi yðar eða ráðherra sem fer með málefni á sviði mælifræði á grundvelli heimildar í lögum, sbr. 13. gr. frumvarpsins.

Neytendastofa telur að brýnt sé að skapa fullnægjandi traust milli fyrirtækja sem innheimta gjöld af neytendum sem bundin eru við tilteknar mælingar eins og til að mynda gildir um viðskipti við fjarskiptafyrirtæki þar sem að neytendur eru í raun fjarstaddir þá mælingu sem gjaldtaka fyrirtækjanna byggir á.

Neytendastofa vonar að bréf þetta svari þeirri spurningu sem embætti yðar hefur beint til hennar en ef þér óskið eftir nánari upplýsingum þá er stofnunin reiðubúin til þess að aðstoða frekar eftir því sem hún hefur tök á.

Virðingarfyllt

f.h. Neytendastofu



Tryggvi Axelsson

Forstjóri